

Alþingi, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. nóvember 2003 2003100349


**Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.  
88. mál**

Með bréfi dags. 15. október 2003 óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn embættisins um framangreint frumvarp.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum viðmiðunarfjárhæðum í samræmi við verðlagsforsendur, breytingar á hámarkshlutfalli vaxtabótastofns svo og framlenging og breyting á sérstökum tekjuskatti. Telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að gera athugasemdir við þessar breytingar. Ennfremur eru í frumvarpinu ákvæði um niðurfellingu sérákvæða skattalaga um alþjóðleg viðskiptafélög til samræmis við væntanlegt frumvarp um brottfellingu laga um þau félög. Er gert ráð fyrir að sérákvæðin falli úr gildi í árslok 2007. Þar sem frumvarp um niðurfellingu laga nr 31/1999 liggur ekki fyrir er ekki unnt að leggja endanlegt mat á áhrif af þessari breytingu á skattalögunum en vakin skal atthygli á að m.t.t. hins langa aðlögunartíma kynni að vera æskilegt að tryggja með lagaákvæði að vegna þessarar lagabreytingar verði skattlagning á hagnaði þessara félaga ekki önnur en ráð var gert fyrir í lögunum eins og þau voru.

Í 10 gr. frumvarpsins er breyting sem skiptir miklu máli fyrir lagaframkvæmd og felst í því að í vissum tilvikum verður ríkisskattstjóra heimilt að ákveða að skattstjóri fari með mál skattaðila, sem búsettur er eða skráður í öðru skattumdæmi. Eins og texti frumvarpið er nú miðast heimild þessi fyrst og fremst við þau tilvik að manni ber að reikna sér endurgjald fyrir vinnu hjá lögaðila, sem hann er ráðandi aðili í sökum eignarhalds eða stjórnunaraðildar. Að mati ríkisskattstjóra þarf heimild þessi að vera víðtækari og ná til allra þeirra tilvika þegar skattstjóri hefur tekið upp álagningu á einn aðila og það leiðir til þess að gera verður breytingu á álagningu á annan skattaðila. Embættið hefur rætt mál þetta ítarlega við fjármálaráðuneytið, sem sýnt hefur þessum sjónarmiðum áhuga, og gerir embættið ráð fyrir að ráðuneytið geri þær breytingatillögur í þessu efni, sem það telur rétt vera.

Virðingarfyllst

  
Indriði H Þorláksson